

Foreldraráð fundur 4. Janúar 2023 kl: 8:30 – 9:00

Mættir: Halla Ösp, Ágúst Valves Jóhannesson, Áslaug Sigurðardóttir og Ágústa Steinunn Loftsdóttir

Halla fjallaði stuttlega um hvað það þýðir að vera í foreldraráði og hvað er ætlast til af þeim sem taka verkefnið að sér. Rætt var um að ef einhverjar stórar breytingar verða á starfi leikskólans að þá sé kallað til foreldraráðs. Einnig er óskað eftir því að foreldrar láti vita ef eitthvað er ábótavant eða má betur fara. Einnig alltaf gott að láta vita ef ánægja er með eitthvað.

Spurningar komu upp t.d hvernig tekið væri á móti tvítengdum börnum og var foreldraráðinu bent á t.d snemmtæka íhlutun sem væri að skila sér vel inn í þessum efnum. Einnig væru öll börn metinn og tekið á móti þeim á eintaklings bundinn hátt. Börn sem eru tvítengd falla yfirleitt í 3 og 4 flokk og fá þá málörvun í leikskólanum.

Halla benti foreldraráðinu á að kynna sér skólanámskrá skólans á heimasíðu leikskólans og þar væri einnig að finna gamlar starfsáætlanir. Markmiðið er að senda starfsáætlun á foreldraráð í lok janúar þannig að hægt verði síðan í framhaldi að áframsenda á leikskólanefnd.

Aðeins var farið inn á lokanir deilda sem hafa verið einhverjar á önninni og það rætt hvers vegna gripið sé til þess, mikill skilningur var frá foreldraráðinu en auðvitað hefur þetta áhrif á líf fólks og er þreytandi til lengdar. En eins og tekið var fram áðan að þá er skilningur fyrir þessu.

Fundi var slitið rétt rúmlega níu

Halla Ösp Hallsdóttir